



## **110. fundur Breiðafjarðarnefndar, haldinn 10. febrúar 2010 í Stykkishólmi**

**Mætt:** Kolbrún Reynisdóttir formaður, Guðríður Þorvarðardóttir varaformaður, Þórólfur Halldórsson, Ásgeir Gunnar Jónsson, Eiríkur Snæbjörnsson, Sigurður Þórólfsson, Þorleifur Eiríksson og Magnús A. Sigurðsson.

*Fundarritari:* Pálmi Freyr Sigurgeirsson

Formaður setti fund kl. 10:30.

### **Fundargerð 109. fundar**

**Afgreiðsla:** Fundargerðin var upplesin og samþykkt.

### **Fjármál nefndarinnar árið 2009**

Farið var ítarlega yfir ársuppgjör 2009.

### **Upplýsingaskilti við ferjuhafnir á Breiðafirði**

Textinn hefur verið þýddur á ensku. Farið var yfir enska textann og kom í ljós að lagfæra þarf nokkur atriði í textanum. Textinn verður sendur aftur til lagfæringar. Tvær myndir sem höfðu verið valdar á skiltið, voru ekki til í nægilegri góðri upplausn. Leitað verður að tveimur nýjum myndum.

### **Starfsskýrsla nefndarinnar árið 2009**

Farið var yfir drög að starfsskýrslu nefndarinnar. Starfsskýrslan á að vera fullklár fyrir næsta fund.

### **Önnur mál**

### **Samningur við Náttúrustofu Vestjarða vegna örnefna- og fornminjaskráningar í Dalabyggð**

Á síðasta ári gerði Breiðafjarðarnefnd samning við Náttúrustofa Vestfjarða um áframhaldandi vinnu við skráningu örnefna og fornminja í Dalabyggð sem liggja að verndarsvæði Breiðafjarðar. Þorleifur Eiríksson forstöðumaður NV fór yfir undirbúning verkefnisins.

**Fundi var slitið kl. 16:00. Næsti fundur verður haldinn 10. mars 2010.**